

REGLUR

um breytingu á reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, nr. 505/2017.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. reglnanna bætist nýr töluliður og verður 6. töluliður, svohljóðandi:

6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1702 frá 18. ágúst 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr. 3. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „og 2016/428“ kemur: „2016/428 og 2016/1702.“
- b. Við bætist nýr töluliður og verður 6. töluliður, svohljóðandi:
 6. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1507300574057&uri=CELEX:32016R1702>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 263, þann 29. september 2016, bls. 1-513.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 18. október 2017.

Unnur Gunnarsdóttir.

Sigurður Freyr Jónatansson.